

Nefndasvið Alþingis  
B.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2021

**Efni: Sameiginleg umsögn FA, SVP og Frumtaka vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 1. mál**

Félag atvinnurekenda, Frumtök og Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega „samtökin“) vísa til umsagnarbeiðni fjárlaganefndar, dags. 1. desember sl., um frumvarp til fjárlaga 2022. Samtökin hafa tekið frumvarpið til umsagnar og telja ástæðu til þess að skila sameiginlegri umsögn vegna framlaga til lyfjamála eins og þau birtast í frumvarpinu.

Á blaðsíðu 68 í frumvarpinu er að finna fjárlagalið vegna lyfja. Samkvæmt því sem þar kemur fram eru rekstrarframlög 13.039,0 m.kr. og rekstrartilfærslur 12.693,9 m.kr. Er framlagið samtals kr. 25.732,9 m.kr. Sjá mynd.

## 26 Lyf og lækningavörur

### 26.10 Lyf

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	13.039,0
Rekstrartilfærslur .....	12.693,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>25.732,9</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr rikissjóði .....	25.732,9

Í fylgiriti með frumvarpinu er á bls. 41 að finna nánari útfærslu á fjárlagaliðnum. Samkvæmt því sem þar kemur fram eru framlög í liðinn „lyf“ 12.865,2 m.kr. og framlög vegna „lyfja með S-merkingu“ 12.867,7 m.kr. Sjá mynd.

26.10 Lyf .....	13.039,0	12.693,9	0,0	0,0	25.732,9	0,0	25.732,9
08-206 Sjúkratryggingar .....	200,0	12.665,2	0,0	0,0	12.865,2	0,0	12.865,2
115 Lyf .....	200,0	12.665,2	0,0	0,0	12.865,2	0,0	12.865,2
08-212 Lyf með S-merkingu .....	12.839,0	28,7	0,0	0,0	12.867,7	0,0	12.867,7
110 Lyf með S-merkingu .....	12.839,0	28,7	0,0	0,0	12.867,7	0,0	12.867,7

Samkvæmt samantekt frá Sjúkratryggingum Íslands, dags. 10. nóvember 2021, gerir stofnunin ráð fyrir að kostnaður vegna almennra lyfja stefni í 14.676 m.kr. árið 2021, sem mun vera í nokkuð góðu samræmi við áætlun stofnunarinnar fyrir árið. Fjárlög þessa árs gerðu hins vegar ráð fyrir 11.926 m.kr. Hallinn stefnir því í 2.750 m.kr., sjá *fylgiskjal*.

Samkvæmt upplýsingum sem samtökin hafa aflað hjá Sjúkratryggingum er það mat stofnunarinnar að þörf næsta árs vegna almennra lyfja sé 15.024 m.kr. Það mat er byggt á faglegum forsendum, m.a. um þróun sjúkdóma, fólksfjölgun og breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Samtökin kölluðu eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um áætlun stofnunarinnar um kostnað við almenn lyf sex síðastliðin ár. Í töflunni hér að neðan er það frummat stofnunarinnar borið saman við eiginleg framlög á fjárlögum til liðarins almenn lyf og raunútgjöld til málaflokksins.

Ár	Frummat Sí	Fjárheimild	Raunútgjöld
2016	8.460	7.860	8.362
2017	8.125	7.523	8.231
2018	9.901	8.722	9.124
2019	9.876	9.051	10.665
2020	11.377	9.969	12.705
2021	14.394	11.854	14.676*
2022	15.024	12.694**	

Tölur í milljónum króna

\*Raunútgjöld 2021 m.v. spá Sí í fylgiskjali

\*\*Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir 2022

Að mati samtakanna er einkar varasamt að vanáætla útgjöld til lyfja í fjármálaáætlun og fjárlögum. Eins og taflan sýnir, hafa raunveruleg útgjöld verið í nokkuð góðu samræmi við frummat Sí, þótt sum ár hafi heimild á fjárlögum verið langt undir raunverulegri þörf.

Ein afleiðing af ítrekaðri vanáætlun er að stjórnvöld grípi reglubundið til vanhugsaðra niðurskurðaraðgerða sem stefna beinlínis lyfjaöryggi og þar með öryggi sjúklinga í hættu. Tilraun til slíks átti sér einmitt stað í desember í fyrra en var afstýrt eftir að m.a. undirrituð samtök bentu á alvarlegar afleiðingar reglugerðardraga, sem þáverandi heilbrigðisráðherra setti fram til að keyra niður lyfjakostnað (Mál nr. 263/2020 í samráðsgátt stjórnvalda).

Samtökin hafa í framhaldinu átt í samskiptum við heilbrigðisráðuneytið um leiðir til að lækka kostnað heilbrigðiskerfisins, m.a. með því að lyfjaverðstefna stjórnvalda tryggi að ný hagkvæm lyf með bætta virkni fái skráð á Íslandi. Þeirri vinnu er langt í frá lokið.

Samtökin telja að við vanáætlun lyfjaútgjalda þurfi fjárlaganefnd að bregðast og auka þurfi framlög vegna almennra lyfja til samræmis við mat Sjúkratrygginga Íslands. Að öðrum kosti er fyrirsjáanlegt að kostnaður vegna liðarins mun fara langt fram úr fjárframlögum, með óæskilegum afleiðingum eins og að framan er lýst.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags atvinnurekenda



---

Ólafur Stephensen

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu



---

Andrés Magnússon

f.h. Frumtaka



---

Jakob Falur Garðarsson

## Almenn lyf – fyrstu 9 mánuðir ársins 2021

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa endurskoðað útkomuspá 2021 eftir 9 mánuði og gera nú ráð fyrir að kostnaður vegna almennra lyfja stefni í 14.676 m.kr. Fjárlög gerðu ráð fyrir 11.926 m.kr. Hallinn stefnir því í 2.750 milljónir kr.

Í upphafi ársins 2021 var nokkur fjöldi lyfja sem áður voru „S-merkt lyf“ (greidd af LSH) flutt yfir í flokk almennra lyfja (greidd af SÍ). Við skoðun á níu mánaða tölunum er sá kostnaður um 211 milljón kr. á níu mánuðum (282 milljónir kr. á ári).

Í töflu 1 má sjá lyfjakostnað fyrstu 9 mánuði ársins og sést þar prósentu aukning milli árana 2020 og 2021.

Atc	Lyfjaflokkur (ATC)	Lyfjakostnaður fyrstu 9 mánuði ársins		Breyting á milli ára	
		2020	2021	krónur	%
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	1.716.143.095	2.209.226.949	493.083.854	29%
B	Blóðlyf	908.674.140	1.017.770.514	109.096.374	12%
C	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	1.027.843.977	1.209.919.736	182.075.759	18%
D	Húðlyf	121.397.634	140.272.205	18.874.571	16%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	613.720.642	708.665.677	94.945.035	15%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	259.289.490	288.466.578	29.177.088	11%
J	Sýkingalyf	106.451.685	141.177.494	34.725.809	33%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	450.945.974	616.663.140	165.717.166	37%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	324.000.013	439.789.728	115.789.715	36%
N	Tauga- og geðlyf	2.509.231.278	3.076.883.546	567.652.268	23%
P	Sníklalyf (skordýraeitur og skordýrafætur)	9.756.029	11.152.799	1.396.770	14%
R	Öndunarfæralyf	828.411.709	887.778.203	59.366.494	7%
S	Augn-og eyrnalyf	197.515.892	217.769.190	20.253.298	10%
V	Ýmis lyf	69.553.982	83.788.769	14.234.787	20%
<b>Samtals</b>		<b>9.142.935.540</b>	<b>11.049.324.528</b>	<b>1.906.388.988</b>	<b>21%</b>

Tafla 1 Lyfjakostnaður fyrstu 9 mánuðir ársins 2020-2021

Tafla 2 sýnir lyfjanotkun í dagskömmtum og magnaukningu milli árana 2020 og 2021.

Atc	Lyfjaflokkur (ATC)	Lyfjanotkun (DDD) fyrstu 9 mánuði ársins		Breyting á milli ára	
		2020	2021	DDD	%
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	17.632.768	19.265.543	1.632.775	9%
B	Blóðlyf	10.582.390	11.548.275	965.885	9%
C	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	37.419.111	39.225.698	1.806.587	5%
D	Húðlyf	482.165	471.640	-10.524	-2%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	10.512.726	10.906.463	393.738	4%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	4.249.625	4.351.588	101.963	2%
J	Sýkingalyf	1.647.337	1.638.060	-9.277	-1%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	1.240.404	1.356.151	115.747	9%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	5.558.015	6.143.584	585.569	11%
N	Tauga- og geðlyf	33.841.056	37.957.354	4.116.298	12%
P	Sníklalyf (skordýraeitur og skordýrafætur)	155.025	163.670	8.645	6%
R	Öndunarfæralyf	9.710.420	9.979.992	269.572	3%
S	Augn-og eyrnalyf	1.231.556	1.246.261	14.705	1%
V	Ýmis lyf	11.011	11.731	720	7%
<b>Samtals</b>		<b>134.273.607</b>	<b>144.266.010</b>	<b>9.992.403</b>	<b>7%</b>

Tafla 2 Lyfjanotkun (daglegir dagskammtar, DDD), fyrstu 9 mánuðir ársins 2020 og 2021

Tafla 3 sýnir kostnaðaraukning í þeim lyfjaflokkum þar sem aukning hefur verið hvað mest.

Atc	Lyfjaflokkar (ATC)	2020		2021		Mismunur á kostnaði SÍ	
		Hluttur SÍ	Hám.verð	Hluttur SÍ	Hám.verð	Krónur	%
A10B	Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	808.470.609	942.464.251	1.200.826.842	1.419.163.967	392.356.233	49%
N06B	Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	806.191.246	1.175.712.109	1.119.890.286	1.553.693.480	313.699.040	39%
B01A	Segavarnalyf	747.421.763	889.452.603	833.926.926	999.945.656	86.505.163	12%
R03A	Adrenvirk lyf til innöndunar	493.704.343	662.898.316	527.932.981	695.629.621	34.228.638	7%
N06A	Þunglyndislyf (antidepressiva)	432.059.392	766.080.630	511.525.861	875.647.538	79.466.469	18%
N03A	Flogaveikilyf	389.674.767	530.604.839	458.547.879	606.882.006	68.873.112	18%
N05A	Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	342.568.349	399.333.766	376.577.690	435.731.992	34.009.341	10%
A02B	Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	284.659.780	535.352.505	327.416.740	588.538.417	42.756.960	15%
L04A	Lyf til ónæmisbælingar	291.191.890	317.973.411	324.014.399	351.739.463	32.822.509	11%
A10A	Insúlín og skyld lyf	260.994.944	297.626.679	265.201.296	300.899.107	4.206.352	2%
C10A	Lyf til temprunar á blóðfitu	210.135.158	329.749.949	254.001.519	373.800.347	43.866.361	21%
C07A	Beta-blokkarar, óblandaðir	181.899.650	302.850.892	214.290.370	341.234.639	32.390.720	18%
M01A	Bólguøyðandi lyf, nema barksterar	176.093.389	358.088.419	200.393.220	389.045.750	24.299.831	14%
G04B	Önnur þvagfæralyf, þ.á.m. krampalosandi lyf	161.310.420	313.682.003	191.577.304	371.369.004	30.266.884	19%
N02A	Óþiódar	168.769.246	475.759.562	188.255.620	515.810.498	19.486.374	12%
G03C	Östrógen	139.044.234	219.957.884	161.629.219	247.034.173	22.584.985	16%
C09D	Angiótensín II blokkar í blöndum	113.951.847	193.711.193	129.471.388	211.522.170	15.519.541	14%
A07E	Lyf gegn þarmabólgu	114.302.088	137.368.443	126.388.197	151.555.005	12.086.109	11%
N04B	Dópamínvirk lyf	109.722.079	127.117.475	126.159.253	143.565.030	16.437.174	15%
R03B	Önnur innöndunarlyf við teppusjúkdómum í öndunarvegi	132.177.492	172.043.816	123.124.076	159.178.570	-9.053.416	-7%
N02C	Mígrenilyf	96.728.279	126.323.798	119.118.485	153.611.098	22.390.206	23%
S01E	Gláku- og ljósopþrenngjandi lyf	107.490.611	145.138.240	118.320.711	156.511.129	10.830.100	10%
C09C	Angiótensín II blokkar	94.546.842	178.139.028	117.187.204	206.817.414	22.640.362	24%
G03B	Andrógen	102.752.131	126.326.534	112.906.955	137.693.502	10.154.824	10%
H02A	Barksterar, óblönduð lyf, einnig til staðbundinnar innstungu	108.464.787	148.375.261	111.824.458	153.090.949	3.359.671	3%

Tafla 3 25 kostnaðarsömustu einstöku lyfjaflokkarnir, fyrstu 9 mánuði ársins

Atc	Lyfjaflokkur (ATC)	2020			2021			Mismunur fjöldi einstaklinga	
		Fj. einst	Fj. Pakkn.	Dódsamt.	Fj. einst	Fj. Pakkn.	Dódsamt.	Fj. einst.	%
A10B	Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	12.668	101.656	3.750.867	15.048	116.448	4.361.481	2.380	19%
N06B	Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	14.402	136.269	4.139.039	17.027	163.334	5.143.925	2.625	18%
B01A	Segavarnalyf	19.653	59.362	4.101.604	21.417	63.334	4.385.269	1.764	9%
R03A	Adrenvirk lyf til innöndunar	27.019	112.940	2.374.727	26.589	111.595	2.274.306	-430	-2%
N06A	Þunglyndislyf (antidepressiva)	49.449	170.150	14.603.401	53.707	187.963	15.985.676	4.258	9%
N03A	Flogaveikilyf	15.427	98.902	2.242.963	17.489	106.866	2.424.324	2.062	13%
N05A	Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	12.786	66.107	1.151.573	14.110	72.021	1.218.301	1.324	10%
A02B	Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	44.992	115.768	10.870.332	48.324	124.345	11.726.692	3.332	7%
L04A	Lyf til ónæmisbælingar	3.437	26.640	695.423	3.653	28.938	737.062	216	6%
A10A	Insúlín og skyld lyf	2.972	30.986	1.138.131	3.044	31.011	1.132.408	72	2%
C10A	Lyf til temprunar á blóðfitu	30.824	80.418	9.501.897	32.240	84.452	10.184.960	1.416	5%
C07A	Beta-blokkarar, óblandaðir	32.382	101.267	3.398.479	33.096	104.150	3.461.228	714	2%
M01A	Bólguøyðandi lyf, nema barksterar	45.419	96.046	4.067.991	48.443	101.167	4.515.385	3.024	7%
G04B	Önnur þvagfæralyf, þ.á.m. krampalosandi lyf	11.101	34.511	1.268.794	12.208	38.861	1.409.111	1.107	10%
N02A	Óþiódar	46.349	161.849	1.957.711	48.994	172.280	2.102.977	2.645	6%
G03C	Östrógen	13.252	46.586	1.317.974	14.342	51.399	1.439.525	1.090	8%
C09D	Angiótensín II blokkar í blöndum	16.311	42.719	4.157.758	16.908	44.306	4.296.061	597	4%
A07E	Lyf gegn þarmabólgu	1.662	13.828	466.746	1.760	14.858	498.051	98	6%
N04B	Dópamínvirk lyf	1.762	19.068	360.947	1.870	20.209	383.568	108	6%
R03B	Önnur innöndunarlyf við teppusjúkdómum í öndunarvegi	8.664	24.970	975.856	8.063	22.321	888.865	-601	-7%
N02C	Mígrenilyf	3.580	18.232	221.973	3.946	20.192	262.791	366	10%
S01E	Gláku- og ljósopþrenngjandi lyf	5.002	24.850	1.231.556	5.149	24.664	1.246.261	147	3%
C09C	Angiótensín II blokkar	16.847	46.084	5.002.229	18.476	50.531	5.460.237	1.629	10%
G03B	Andrógen	1.898	8.074	334.642	2.041	8.900	356.689	143	8%
H02A	Barksterar, óblönduð lyf, einnig til staðbundinnar innstungu	16.966	35.916	1.153.133	17.526	36.493	1.162.367	560	3%

Tafla 4 Kostnaðarsömustu einstöku lyfjaflokkarnir sundurliðað niður á fjölda einstaklinga, fjölda seldra pakkninga og daglegra dagskammta (DDD)

## Yfirferð yfir nokkra af kostnaðarmestu lyfjaflokkunum

### Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín (A10B)

Kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn það sem af er ári 2021 eru blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín (A10B). Helsta skýringin er aukin notkun á lyfjum sem notuð eru vegna ofþyngdar. Vinnureglur fyrir liraglutide (Saxenda®) voru hertar í desember 2020 sem virðist ekki hafa skilað sér í lækkun á kostnaði. Einnig hefur notkun aukist á dýrari lyfjum sem notuð eru við sykursýki af tegund 2 og má þar nefna lyf eins og semaglutide (Ozempic®) og empagliflozin (Jardiance®). Metformín heldur áfram að vera mest notaða lyfið í þessum lyfjaflokki en liraglutide það kostnaðarsamasta.

Atc	Heiti Atc	2020			2021			Breyting milli ára	
		Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Mismunur kr	%
A10BJ02	Liraglutide	1.705	417.786	303.226.779	2.648	680.220	463.974.283	160.747.504	53%
A10BJ06	Semaglutide	969	76.282	158.273.215	2.237	329.436	357.793.375	199.520.160	126%
A10BK03	Empagliflozin	1.577	261.237	88.127.639	1.963	339.719	112.727.231	24.599.592	28%
A10BA02	Metformín	9.961	1.614.478	93.809.725	11.082	1.753.708	102.208.411	8.398.686	9%
A10BH01	Sitagliptin	1.265	270.495	62.933.088	1.208	254.255	61.730.310	-1.202.778	-2%
A10BD07	Metforminum og sitagliptinum	877	195.699	40.432.723	875	192.523	40.581.049	148.326	0%
Samtals			2.835.978	746.803.169		3.549.860	1.139.014.659	392.211.490	

Tafla 5 Kostnaðarsömstu lyfin í flokki blóðsykurslækkandi lyfja nema insúlíns (A10B)

### Örvandi lyf, notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi (N06B)

Kostnaðaraukning í þessum lyfjaflokki er nú komin upp í 314 milljónir króna á milli ára. Eins og verið hefur í nokkur mörg ár þá er metýlfenídat áfram kostnaðarsamasta lyf sjúkratrygginga. Það sem skýrir aukningu núna er notkun á dýrari ADHD lyfjum. Má þar nefna lisdexamfetamin (Elvanse Adult®) og dexamfetamin (Attentin®). Notendum heldur einnig áfram að fjölga um rúm 18% á milli ára.

Atc	ATC heiti	2020			2021			Mismunur kr.		%
		Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Mismunur kr.		
N06BA04	Metýlfenídat	12.556	3.565.083	583.872.481	13.895	3.960.818	667.565.014	83.692.533	14%	
N06BA12	Lisdexamfetamine	1.208	325.555	110.267.641	2.776	912.217	331.210.846	220.943.205	200%	
N06BA02	Dexamphetamine sulphate	281	84.832	40.777.447	293	97.933	50.200.962	9.423.515	23%	
N06BA09	Atómoxetín	890	95.939	43.011.823	907	104.503	36.736.854	-6.274.969	-15%	
N06BA07	Módafiníl	358	39.475	22.992.089	395	44.517	29.612.851	6.620.762	29%	
Samtals			4.110.885	800.921.481		5.119.988	1.115.326.527	314.405.046		

Tafla 6 Kostnaðarsömstu lyfin í flokki örvandi lyfja, notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi (N06B)

### Segavarnarlyf (B01A)

Kostnaðaraukning í flokki segavarnarlyfja (blóðþýnningarlyfja) er nú um 8 %. Ef kostnaðarsömstu flokkarnir eru skoðaðir þá sést að kostnaður vegna rivaroxaban (Xarelto®, Rivaroxaban WH®) hefur verið að minnka þrátt fyrir að ekki hafi orðið fækkun á fjölda notenda. Skýrist þetta einna helst af því að komið er samheitalyf í þessum lyfjaflokki sem hefur áhrif á kostnaðinn.

Atc	Heiti Atc	2020			2021			Breyting á milli ára	
		Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur Sí	Mismunur kr.	%
B01AF02	Apixaban	3.403	654.651	301.270.708	4.186	820.870	382.154.319	80.883.611	27%
B01AF01	Rivaroxaban	3.090	699.516	273.031.933	3.103	705.957	264.845.578	-8.186.355	-3%
B01AE07	Dabigatranum etexílat	503	109.840	47.109.606	459	100.882	44.328.072	-2.781.534	-6%
B01AF03	Edoxaban	365	72.337	30.215.433	513	102.899	42.618.425	12.402.992	41%
B01AB04	Dalteparín	2.176	96.913	31.166.458	2.956	116.941	36.637.085	5.470.627	18%
B01AC04	Klópidógrei	2.385	487.150	20.465.036	2.462	504.525	21.710.157	1.245.121	6%
B01AA03	Warfarín	1.695	288.572	21.481.984	1.463	253.121	19.215.140	-2.266.844	-11%
Samtals			2.408.980	724.741.158		2.605.194	811.508.776	86.767.618	

Tafla 7 Kostnaðarsömstu lyfin í flokki segavarnarlyfja (B01A)

### **Adrenvirk lyf til innöndunar (R03A)**

Notendum adrenvirkra lyfja til innöndunar (R03A) hefur farið fækkandi á milli ára (sjá töflu 4) sem og notendum annarra lyfja til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (R03B). Helsta hugsanlega skýringin á þessari fækkun notenda má rekja til Covid-19 faraldursins og að notkun þessara lyfja hafi verið meiri í upphafi faraldursins.

### **Þunglyndislyf (N06A)**

Kostnaðaraukning í flokki þunglyndislyfja er nú komin í rúmar 79,5 millj. kr (sjá töflu 3) sem er um 18% aukning á milli ára. Notendum hefur einnig verið að fjölga á milli ára og var hún um 10 % á milli ára en hefur verið um 6% í meðalári. Einnig hefur notkun á dýrari lyfjum eins og búprópíon verið að aukast.

Atc	Heiti Atc	2020			2021			Breyting milli ára	
		Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur SÍ	Fj. einst	Dddsamt.	Hluttur SÍ	Mismunur kr.	%
N06AX12	Búprópíon	2.874	417.002	87.529.278	3.437	497.791	107.282.474	19.753.196	23%
N06AB10	Escítalópram	8.982	2.590.471	66.258.824	9.846	2.840.764	82.636.700	16.377.876	25%
N06AB06	Sertralín	14.931	4.653.507	53.682.845	17.057	5.342.569	64.900.267	11.217.422	21%
N06AB03	Flúoxetín	7.301	2.020.961	46.020.796	8.000	2.251.808	55.999.648	9.978.852	22%
N06AX16	Venlafaxín	4.962	1.667.986	27.558.683	4.887	1.700.900	29.565.317	2.006.634	7%
N06AA09	Amitríptýlín	5.174	381.144	24.971.161	5.361	398.481	29.398.168	4.427.007	18%
N06AX21	Dúlozetín	2.344	515.455	25.735.989	2.770	617.670	28.956.280	3.220.291	13%
Samtals			12.246.526	331.757.576		13.649.983	398.738.854	66.981.278	

**Tafla 8 Kostnaðarsömustu lyfin í flokki þunglyndislyfja (N06A)**

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Guðrún Björg Elíasdóttir  
Lyfjafræðingur  
Sjúkratryggingar Íslands